

627. fundur

Mánudaginn 19. júní 2017 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Birgitta Kristjánsdóttir ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Heimir Skarphéðinsson ANR
Kristín Edda Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Lögð var fram fundargerð 626. fundar og var hún staðfest.
2. Tekið var fyrir niðurstöður um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Noregi og Sviss.

Fimmtudaginn 15. júní 2017 rann út umsóknarfrestur um EFTA tollkvótum á landbúnaðarvörum frá Noregi og Sviss, vegna innflutnings á nautakjöti úr vörulið ex0210.xxxx og ostum 0406.xxxx fyrir tímabilið 1. júlí 2017 – 30. júní 2018.

Ein umsókn barst um innflutning á nautakjöti úr vörulið ex0210.xxxx, samtals 5.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsókn náði ekki því magni sem í boði var eða 10.000 kg.

Tvær umsóknir bárust um innflutning ostum, úr vörulið 0406.xxxx, samtals 15.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir voru jafnar því magni sem í boði var eða 15.000 kg.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinna fyrirtækja á grundvelli umsókna:

Nautakjöt fyrir tímabilið júlí 2017 – júní 2018

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
5.000	Ekran ehf

Ostur fyrir tímabilið júlí 2016 – júní 2017

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
7.000	Ekran ehf
8.000	Mjólkursamsalan hf

3. Tekin voru fyrir drög að reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og eggjarauðum en eftirfarandi hafði verið sent áður til umsagnaraðila:

Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara.

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 og tollalaga nr. 88/2005, sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra varðandi úthlutun á tollkvótum:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magnatollur
Tollskrárnúmer:	Frjóegg til útungunar:		kg.	%	kr./kg.
0407.1100	Afhænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	01.07.17-30.06.18	ótilgr.	0	0
0407.1900	Önnur	01.07.17-30.06.18	ótilgr.	0	0
	-- Önnur:				
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi, í 5 kg umbúðum eða stærri	01.07.17-30.06.18	ótilgr.	0	39

Rökstuðningur: Engin sérhæfð stofnræktarþú fyrir frjóegg eru hér á landi og því þarf að flytja frjóegg inn til að viðhalda og endurnýja stofninn reglulega. Þá er einungis einn framleiðandi sem gerilsneyðir eggjarauður og nær auk þess ekki að anna markaðinum. Framboð á þessum vörum uppfyllir því ekki skilyrði 2. mgr. 65. gr. A laga nr. 99/1993.

- Lagt var fyrir erindi frá Ferskum kjötvörum ehf dags. 9. júní 2017 um að farið væri að bera á vöntun á nautakjöti aðallega hakkefni. Samskonar erindi hafi borist frá Íslenskum kjötvörum dags. 14. júní sl. Í kjölfar þessra erinda var send fyrirspurn til hluteigandi aðila til að kanna stöðuna á markaði. Svör höfðu borist og var farið yfir innsend svör frá sláturleyfishöfum og dreifingaraðilum. Ákveðið var að leggja til við ráðherra að opnaður verði tollkvóti til 30. september nk fyrir hakkefni í nautakjöti. Unnið verður að undirbúningi reglugerðar.
- Lagt var fyrir erindi frá Íslenskum matvörum ehf. dags. 15. júní 2017, um vöntun á einstökum hlutum svínakjöts. Í framhaldinu var send fyrirspurn til sláturleyfishafa og dreifingaraðila um meinta vöntun. Farið var yfir innsend svör frá fyrrnefndum aðilum. Á grundvelli þessara svara var ákveðið að leggja til við ráðherra að framlengja reglugerð nr. 132/2017 um opnun tollkvóta á svínasíðum til 30. september 2017 en jafnframt var ákveðið að skoða forsendur og útreikning magnatolls í reglugerðinni.
- Önnur mál. Farið var yfir drög að reglugerð um útiræktað grænmeti. Ákveðið var að senda drög að reglugerð til umsagnaraðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið.